



Fundargerð 294.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 12. febrúar 2025 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu HN við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Andri Teitsson, Ólafur R. Ólafsson, Sverre Jakobsson og Pröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu og send til samþykktar með rafrænum hætti.

Dagskrá fundarins:

1. Dysnes

- Hafnasamlagi Norðurlands bs. barst umsókn þann 30.12.2024 frá Ragnari H Guðjónssyni fyrir hönd Orkeyjar ehf um lóð nr. A513. Orkey hyggst byggja og starfrækja á lóðinni lífdíselverksmiðju með framleiðslugetu upp á 3.000 tonn á ári. Verksmiðjan mun að hluta nýta hráefni frá Líforkuveri sem einni hefur sótt um lóð á Dysnesi undir starfsemi sína. Stjórn HN fagnar áhuga Orkeyjar ehf á uppbyggingu á Dysnesi og samþykkir að úthluta fyrirtækinu lóð nr. A513 og að ganga til viðræðna við fyrirtækið um uppbyggingu á svæðinu.
- Líforkuver ehf hefur óskað eftir auknum tímafresti til að ganga frá lóðaleigusamning. Stjórn HN veitir Líforkuveri ehf frest til 1. september n.k.

2. Torfunefsbyggja

Þann 31. janúar var auglýst útboð vegna byggingar á veituhúsi á Torfunefsbyggju. Um er að ræða nýbyggingu fyrir þjónustu, landtengingu og spennistöð, sem mun rísa á byggingareitnum. Opnun tilboða verður 27. febrúar n.k. og upphaf verktíma er áætlað 7. mars n.k. og verklok 28. janúar 2026. Byggingin mun verða 167m²

Unnið er að undirbúning vegna sölu byggingaréttar lóða á skipulagssvæðinu og er markmiðið að auglýst verði í mars n.k.

3. Starfsmannamál

Hafnarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi starfsmannamál. Einnig var lagt fram tilboð frá MTC í Hamborg varðandi endurmenntun hafnsögumanna og skipstjóra. Stjórn HN samþykkir að ganga að tilboðinu sem felst í því m.a. að setja inn hafnir HN í kennslukerfi MTC, enda mikilvægt að öryggi við alla vinnu starfsmanna sé í fyrirrúmi.

4. Tölulegar staðreyndir

Hafnarstjóri fór yfir tölulegar staðreyndir síðustu ára. Árið 2024 virðist í flestum mælikvörðum vera eitt besta ár Hafnasamlagsins frá upphafi, en nokkur óvissa ríkir varðandi komur skemmtiferðaskipa í framtíðinni vegna fyrirvaralítilla skattheimtu ríkisins.



5. Smáhýsi

Á fundi skipulagsráðs Akureyrarbæjar þann 29. janúar s.l. var HN veitt stöðuleyfi fyrir 14 smáhýsi sem eru um 4,7 fermetrar að stærð. Verða þau staðsett á bílastæði upp af Tangabryggju og leigð til ferðaþjónustufyrirtækja sem hyggja á sölu ferða fyrir farþega skemmtiferðaskipa. Væntingar eru til að með komu húsanna verði ásýnd og fyrsta viðmót gesta sem koma til Akureyrar enn betra.

Jafnframt er stefnt að því að bjóða upp á ákveðið svæði við bílastæðið þar sem rekstar aðilar matarvagna geta leigt aðstöðu.

6. Önnur mál.

- a. Hafnarstjóri lagði fram tillögu að kaupum á 25 m flotbryggju fyrir dráttarbáta HN. Stjórn HN samþykkir tillögu hafnarstjóra.

Fundi var slitið kl. 17.30